

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1294
komudagur 1.3.2012



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2012

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, þskj. 112 - 112. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur. BSRB tekur heilshugar undir frumvarpið sem miðar að því að jafna eigi réttindi námsmanna til húsaleigubóta án tillits til staðsetningar eða búsetuforms.

Meginreglan varðandi þá sem búa í herbergjum með sameiginlegum aðgangi að eldhúsi og baðherbergi er sú að þeir skulu ekki njóta húsaleigubóta, enda teljist slíkt fyrirkomulag ekki til „íbúðarhúsnæðis“.

Árið 2001 var réttur til húsaleigubóta rýmkaður hvað varðar námsmenn á framhalds- og háskólastigi. Sú breyting var gerð að þeir námsmenn sem leigðu á heimavist eða á námsgörðum skyldu njóta réttar til húsaleigubóta þó svo að þeir deildu aðgangi að eldhúsi og baði.

Að mismuna námsmönnum eftir því hvort þeir búi á almennum leigumarkaði, á heimavist eða á námsgörðum samræmist ekki markmiðum íslenska velferðarkerfisins.

Fyrir hönd BSRB

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri